

# **S A M Þ Y K K T I R**

**fyrir einkahlutafélagið**

**LJÓSLEIÐARINN**

## **1. HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR**

### **1.1.**

Félagið er einkahlutafélag. Nafn þess er Ljósleiðarinn ehf.

### **1.2.**

Heimili félagsins er að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.

### **1.3.**

Tilgangur félagsins er rekstur fjarskipta- og gagnaflutningskerfis og skyld starfsemi, lánastarfsemi, rekstur fasteigna og annað sem þarf til rekstur félagsins.

## **2. HLUTAFÉ FÉLAGSINS**

### **2.1.**

Hlutfé félagsins er kr. 6.500.000.000,- sexmilljarðarogfimmhundruðmilljónirkróna 00/100. Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu að nafnvirði.

Hluthafafundur getur samþykkt frekari hækkun hlutafjár í félaginu og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

Stjórn félagsins hefur heimild til að hækka hlutfé um allt að kr. 3.250.000.000,- að nafnvirði, þ.e. 33,33% af heildarhlutfé félagsins að lokinni hlutafjáraukningu, í einu lagi eða í áföngum. Heimild þessi var samþykkt þann 15. september 2023 og gildir til ársloka 2024.

### **2.2.**

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaðaformi eða rafræna. Ef hlutabréf eru gefin út með rafrænum hætti

er útskrift úr skrá verðbréfamiðstöðvar fullgild hlutaskrá. Hlutaskrá skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Í hlutaskrá skal greina:

- a. Nafn, kennitölu og heimilisfang hluthafa.
- b. Númer og fjárhæð hlutar.
- c. Upplýsingar um atkvæðisrétt hluthafa og skal þar jafnframt geta allra þeirra samstæðutengsla sem hlutafélagið er í.
- d. Útgáfudag hlutabréfs.

2.3.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og öðlast eigendaskipti að hlutum ekki gildi gagnvart því fyrir en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

2.4.

Hluthafar skulu hafa forkaupsrétt að hlutum í félaginu og jafnframt söluskyldu ef forkaupsrétti er hafnað. Í því tilviki þegar forkaupsrétti er hafnað kann að koma til söluskyldu.

Forkaupsréttarhafi hefur tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá dagsetningu tilkynningar til stjórnar um tilboð. Þá mega eigi líða fleiri en þrír mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt.

Óheimilt er að veðsetja, selja, gefa eða framselja hluti í félaginu án samþykkis stjórnar.

2.5.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

2.6.

Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

### **3. STJÓRNSKIPULAG OG HLUTHAFAFUNDIR**

3.1.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum.

Hluthafafundir skulu haldnir á heimili félagsins. Þó er heimilt, með sérstakri samþykkt, að halda hluthafafundi annarstaðar, enda sé þess sérstaklega getið í fundarboði.

Ætíð skal boða stjórnarfólk og framkvæmdastjóra á hluthafafundi og auk þeirra skal boða endurskoðanda félagsins á aðalfundi.

### 3.2.

Aðalfund skal halda eigi sjaldnar en einu sinni á ári, eigi síðar en í júnímánuði og að teknu tilliti til aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur sef.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu endurskoðanda félagsins eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina hlutafélagaskrár skv. 62. gr. laga um einkahlutafélög.

### 3.3.

Stjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, tölvupósti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Aðalfund og aukafund skal boða með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir yfir fimmtungi hlutafjár í félaginu hið minnsta.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

### 3.4.

Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum.

Mál, sem ekki eru sérstaklega greind í dagskrá aðalfundar eða annarra hluthafafunda, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins.

### 3.5.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu ári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda skal lagður fram til samþykktar.
3. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
4. Ákvörðun skal tekin um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
5. Breytingar á samþykktum.
6. Stjórn félagsins skal kjörin.
7. Staðfesta skal tillögu um endurskoðanda félagsins.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

### 3.6.

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

## 4. STJÓRN FÉLAGSINS OG FRAMKVÆMDASTJÓRI

### 4.1.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara. Skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40% meðal aðal- og varamanna og skulu hlutföllin í stjórn og varastjórn í heild vera sem jöfnust. Stjórn er kjörin á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnarfolk skal hafa staðgóða menntun sem nýtist í starfi, og hafa reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði. Stjórn skal sjálf skipta með sér verkum.

Ljósleiðarinn er eining tengd almannahagsmunum og sinnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Til að vernda trúverðugleika félagsins í samfélaginu skal stjórnarfolk ávallt gæta að því að hegðun þess og háttsemi hafi ekki neikvæð áhrif á hagsmuni og orðspor félagsins. Verði uppvíst um slíkt missir viðkomandi hæfi

og umboð til starfa í þágu félagsins. Hið sama á við um framkvæmdastjóra og lykilstarfsfólk. Það er í höndum þess eða þeirra sem veitir viðkomandi umboð að meta hvort brotið hefur verið gegn ákvæðinu.

Stjórnarmenn skulu ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga í beinni samkeppni við félagið. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur sef. gerir tillögu til aðalfundar um hverjir skuli kosnir í stjórn. Áður skal hann kynna tillögu að skipan stjórnar fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskrift meirihluta stjórnarfólks skuldbindur félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarfólks sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn skal máli skotið til hluthafafundar. Halda skal fundargerð um stjórnarfundi.

#### 4.2.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um störf hennar.

#### 4.3.

Stjórn fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skal setja félaginu stefnu í samræmi við ákvæði gr. 4.4. í samþykktum þessum. Stjórn ræður framkvæmdastjóra og ákvarðar starfskjör hans. Stjórn og framkvæmdastjóri fara með stjórn félagsins. Stjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Stjórn skal gera starfsáætlun fyrir hvert rekstrarár.

Einungis stjórn getur veitt prókúruumboð.

Stjórnarfólk og framkvæmdastjóri skulu gefa stjórn skýrslu um eign sína í félögum skipti það máli varðandi starf þeirra.

Eftirfarandi ákvarðanir stjórnar eru háðar staðfestingu hluthafafundar:

- Ákvarðanir sem tiltekið er í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur sef., að skuli hljóta samþykki eigenda þess fyrirtækis.
- Ákvarðanir um einstakar nýjar skuldbindingar enda sé fjárhæð þeirra yfir 5% af eigin fé félagsins samkvæmt síðasta ársreikningi eða árshlutareikningi.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn og eða hluthafafundi, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án

verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Framkvæmdastjóri ber að veita stjórnarfólki og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þau kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

#### 4.4.

Stjórn skal setja fyrirtækinu heildarstefnu og framtíðarsýn í samræmi við eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur sef. og skilgreina í henni mælikvarða í rekstri fyrirtækisins. Stefnumörkun félagsins í tilteknum málaflokkum skal samræmast stefnumörkun og reglum Orkuveitu Reykjavíkur í viðkomandi málaflokki, sem í gildi eru á hverjum tíma og eftir því sem við á. Þar er um að ræða málaflokka sem eftirfarandi stefnumörkun og reglur Orkuveitu Reykjavíkur sef. ná til:

- a. Arðstefna.
- b. Áhættustefna.
- c. Gæðastefna.
- d. Innkaupastefna.
- e. Jafnréttisstefna.
- f. Starfskjarastefna.
- g. Mannauðsstefna.
- h. Stefna í upplýsingatæknimálum.
- i. Stefna um öryggis-, heilsu- og vinnuvernd.
- j. Upplýsingaöryggisstefna.
- k. Umhverfis- og auðlindastefna.
- l. Siðareglur.
- m. Persónuverndarstefna.

### 5. REIKNINGSHALD OG ENDURSKOÐUN

#### 5.1.

Endurskoðendur félagsins skulu vera þeir sömu og endurskoðendur Orkuveitu Reykjavíkur sef.

#### 5.2.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skal gerð ársreiknings lokið eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund ár hvert og hann þá lagður fyrir endurskoðanda.

## **6. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM**

### **6.1.**

Ákvörðun um breytingar á samþykktum þessum skal aðeins tekin á hluthafafundi.

### **6.2.**

Ákvörðun um félagsslit, án þess að um gjaldþrotaskipti sé að ræða, skal tekin á hluthafafundi og vera háð staðfestingu eigenda Orkuveitu Reykjavíkur sef. Skal þá hluthafafundur óska löggildingar hlutafélagaskrár á kosningu skilanefndar fyrir félagið.

## **7. ÝMIS ÁKVÆÐI**

### **7.1.**

Þar sem samþykktir þessar mæla ekki fyrir um hvernig með skuli farið í einstökum málefnum, skulu ákvæði laga um einkahlutafélög, laga um Orkuveitu Reykjavíkur ásamt ákvæðum annarra laga og sameignarsamnings Orkuveitu Reykjavíkur, gilda eftir því sem við á hverju sinni.

Samþykktir þessar voru samþykktar á aðalfundi þann 18. apríl 2024.